



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2020

R16020043

1270

Borgarráð

Úthlutun úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen (f.29.12.1910, d. 1983) var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarð Briem þann 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars. Sjóðurinn er í vörslu borgarstjórnans í Reykjavík, sem ákveður úthlutun úr honum að höfðu samráði við börn Gunnars Thoroddsen.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga, hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri. Alls hafa 34 einstaklingar, hópar eða félagasamtök fengið styrki úr sjóðnum frá upphafi hans. Þann 27. september 2017 var samþykkt í borgarráði að efla sjóðinn með það að markmiði að sjóðurinn standi undir áframhaldandi úthlutunum í samræmi við stofnskrá hans. Þann 9. janúar sl. var úthlutað úr sjóðnum í 33. sinn og var það Trans Ísland sem hlaut styrk upp á 500 þúsund krónur fyrir baráttu sína, stuðning og málsvörn fyrir transfólk á Íslandi .

Dagur B. Eggertsson

